# Námskrá fyrir 3 og 4 ára börn í leikskólum Kópavogs

Grunnþættir menntunar eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun á öllum skólastigum. Leikskólastarf er samþætt og skapandi þar sem leikurinn er námsleið barnsins.

| GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR | LÆSI | HEILBRIGÐI OG VELFERÐ | SJÁLFBÆRNI | SKÖPUN | LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI | JAFNRÉTTI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FJÖLGREINDIR HOWARDS GARDNERS** | Málgreind.<br>Sjálfsþekkingargreind.<br>Samskiptagreind. | Líkams- og hreyfigreind.<br>Rýmisgreind. | Umhverfisgreind.<br>Rök- og stærðfræðigreind. | Rýmisgreind.<br>Tónlistargreind.<br>Rök- og stærðfræðigreind. | Sjálfsþekkingargreind.<br>Samskiptagreind. | Sjálfsþekkingargreind.<br>Samskiptagreind. |
| **NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA** | **LÆSI OG SAMSKIPTI.** | **HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN.** | **SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI.** | **SKÖPUN OG MENNING.** | | |
| **MARKMIÐ AÐ BÖRNIN:** | Eigi jákvæð og virk samskipti við börn og fullorðna.<br><br>Heyri fjölbreytt og vandað mál.<br><br>Auki orðaforða sinn.<br><br>Tjái sig við aðra, taki þátt í samræðum og færi rök fyrir máli sínu.<br><br>Sýni umburðarlyndi, hjálpsemi og tillitsemi gagnvart jafnöldrum og fullorðnum.<br><br>Skynji að foreldrar og kennarar eru bakhjarlar þeirra og samherjar. | Upplifi öryggi í umhverfinu og treysti því að þörfum þeirra sé mætt.<br><br>Eigi kost á alhliða hreyfingu, fái hreyfiþörf sinni fullnægt og hafi tækifæri til að reyna á sig, slaka á og hvílast.<br><br>Þrói með sér jákvæða og heilbrigða líkamsvitund.<br><br>Verði sem mest sjálfbjarga í daglegu starfi og leik. | Takist á við ögrandi viðfangsefni.<br><br>Hafi frjálsan aðgang að margvíslegum búnaði og áhöldum.<br><br>Upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenskri veðráttu.<br><br>Njóti lífríkisins í nánasta umhverfi.<br><br>Umgangist náttúruna af virðingu.<br><br>Upplifi sjálfbærni sem sjálfsagðan þátt í skólastarfinu.<br><br>Noti ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar. | Virki sköpunarkraft sinn og vinni með fjölbreyttan efnivið og áhöld.<br><br>Upplifi að borin sé virðing fyrir verkum þeirra og þau virði verk annarra.<br><br>Tjái sig um verk sín og rifji upp ferlið.<br><br>Tjái tilfinningar sínar, hugmyndir og upplifun gegnum myndsköpun, tónlist, hreyfingu og framsögn.<br><br>Þekki helstu hátíðir í íslensku samfélagi og siði sem tengjast þeim.<br><br>Kynnist íslenskri menningu og menningu fleiri þjóða og fjölbreytileika. | Æfi sig í að beita lýðræðislegum vinnubrögðum.<br><br>Fái tækifæri til að bera ábyrgð í samræmi við þroska og getu.<br><br>Meti leikskólastarfið og taki ákvarðanir sem varða það.<br><br>Upplifi að skoðanir þeirra eru virtar. | Hlusti á sögur þar sem hlutverk kynja eru óhefðbundin og ræði um alls konar fólk og fjölskyldugerðir.<br><br>Upplifi jafnrétti sem rauðan þráð í starfinu.<br><br>Eigi jákvæð samskipti við aðra, sjái sjónarmið annarra. |
| **LEIÐIR Í LEIKSKÓLA** | **BÖRNIN:** | **BÖRNIN:** | **BÖRNIN:** | **BÖRNIN:** | **BÖRNIN:** | **BÖRNIN:** |
| **LEIKUR** | Hafa aðgang að bókum, textum og bókstöfum sem leikefni.<br><br>Hafa tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, hugmyndir og skoðanir og einnig að virða annarra. | Hafa aðgang að skapandi og ögrandi umhverfi, bæði úti og inni, þar sem tækifæri eru til að beita fín- og grófhreyfingum. | Hafa aðgang að náttúrulegu leikefni og áhöldum til að rannsaka og upplifa náttúru og umhverfi. | Hafa frjálsan aðgang að ýmis konar búnaði og leikefni, sem hvetur til sköpunar og vísindalegra athafna.<br><br>Hlusta á fjölbreytta tónlist.<br><br>Hafa tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.<br><br>Ganga frá eftir leikinn. | Taka sjálfstæða ákvörðun um leikefni og leiksvæði. | Finna að stelpur og strákar hafa jafnan aðgang að leikefni og fá sömu hvatningu. |
| **HÓPVINNA/ SAMVINNA** | Hlusta á fjölbreyttar sögur og fara með þulur og rím.<br><br>Hafa tækifæri til að setja hugsanir sínar í orð.<br><br>Tjá sig um verk sín og deili upplifun sinni með öðrum. | Fara í leiki sem reyna bæði á fín- og grófhreyfingar.<br><br>Velja sér stellingu og láta fara vel um sig. | Vinna með náttúrulegan efnivið.<br><br>Hlusta á sögur og skoða bækur um umhverfið, dýr og plöntur.<br><br>Skoða og upplifa árstíðir og veðurfar. | Hafa aðgang að fjölbreyttum áhöldum og efnivið til skapandi vinnu.<br><br>Ræða um sig og fjölskyldu sína og heyra aðra segja frá sér og sínum fjölskyldum.<br><br>Fjalla um mismundandi menningu þjóða og ólík tungumál.<br><br>Taka þátt í samstarfsverkefnum. | Taka lýðræðislegar ákvarðanir sem hafa áhrif á leikskólastarfið<br><br>Færa rök fyrir skoðunum sínum. | Upplifa að vera hluti af hóp þar sem jafnræði ríkir. |
| **AÐ KOMA OG FARA, KLÆÐA SIG. ÚTIVERA – VETTVANGS-FERÐIR** | Taka þátt í umræðu og heyra fjölbreytt hugtök um umhverfi, klæðnað og veður.<br><br>Hjálpa hvert öðru að klæða sig og ganga vel um fataherbergi.<br><br>Upplifa að þeim sé heilsað og þau kvödd hlýlega og þau tileinka sér það.<br><br>Upplifa jákvæð samskipti kennara og foreldra. | Hafa tíma og tækifæri til að hjálpa sér sjálf.<br><br>Leika sér í mismunandi landslagi og við mismunandi aðstæður. | Veita athygli dýrum og plöntum í umhverfinu.<br><br>Fara út í flestum veðrum.<br><br>Veita athygli formum og fjölda í umhverfinu.<br><br>Fara í fjölbreyttar vettvangsferðir. | Skapa úr efnivið náttúrunnar.<br><br>Veita athygli litum og hljóðum í umhverfinu.<br><br>Fara á leiksýningar, tónleika og söfn. | Taka þátt í að ákvarða hverju þau klæðast úti. | Heyra að allir litir, t.d. á klæðnaði, eru jafnt fyrir stráka og stelpur. |
| **MATARTÍMI** | Upplifa samveru og notalegt spjall yfir matnum og um matinn, s.s. matartegundir og hollustu matar. | Nota hnífapör, smyrja og hella sjálf í glas.<br><br>Upplifa rólegt og notalegt andrúmsloft.<br><br>Ræða hvaðan maturinn kemur og um næringu og hollustu. | Hafa tækifæri til að borða úti.<br><br>Fara vel með mat.<br><br>Læra um fjölda og magn, t.d. við að leggja á borð. | Ræða um liti, form, lykt og áferð matarins.<br><br>Kynnast matarhefðum, gömlum og nýjum, og mat frá ýmsum löndum.<br><br>Nota góða borðsiði, sýna tillitsemi og samhjálp. | Skammta sér sjálf og velja sér sæti.<br><br>Hafa tíma til að njóta matarins í hópi jafningja. | |
| **SVEFN OG HVÍLD** | Hlusta á sögur, vögguvísur og sönglög. | Fá tækifæri til að njóta næðis. | Hlusta á náttúruhljóð.<br><br>Skynja eigið rými. | Loka augum og ímynda sér....<br><br>Hlusta eftir hljóðum í umhverfinu.<br><br>Hlusta á þögnina og róandi tónlist. | Hafa tækifæri til að sofa/ hvíla sig eins lengi og þau þarfnast. | Upplifa vellíðan og slökun með vinum sínum. |
| **LÍKAMLEG UMHIRÐA** | Eiga góð samskipti og sýna tillitsemi. | Hafa tíma og tækifæri til að vera sjálfbjarga á salerni og við andlits- og handþvott. | Þvo sér, t.d. eftir útiveru, fyrir máltíð og eftir að hafa notað salerni. | | | |